

ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í 78
lögnum.

19. júní

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

79

19. júní

um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt
þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og
landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun.
Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í van-
skilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei
ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita
greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bænd-
ur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt
bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga

79 19. júní út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að $1\frac{1}{2}\%$ af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg, á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur $4\frac{1}{2}\%$ á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldunautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða eða taka að sér greiðslu á lánum, allt að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings.

Sama gildir og um lán, sem hvíla á Sláturfélagi Suðurlands vegna stofnkostnaðar við niðursuðuverksmiðju þess.

6. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs heimilast að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.